



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2002

EIGNIR 102 MILLJARDAR

Eignir Lífeyrissjóðs verzlunarmanna námu 102,0 milljörðum í árslok og hækkaði eignin um 4,5 milljarða á árinu eða um tæp 5%. Á árinu 2002 greiddu 41.243 sjóðfélagar til sjóðsins. Iðgjaldgreiðslur til sjóðsins námu 7.383 mkr. og er það aukning um rúm 8%. Jafnframt greiddu 5.936 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

ÁVÖXTUN

Ávöxtun sjóðsins á árinu 2002 var -0,8% sem samsvarar -2,7% raunávöxtun samanborið við -0,7% raunávöxtun á árinu 2001. Með hækkanði hlutfalli innlendra og erlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins mun verða vart meiri sveiflna í ávöxtun sjóðsins á komandi árum. Til lengri tíma lítið mun hærra hlutfall hlutabréfa skila sjóðnum betri raunávöxtun en ef eingöngu hefði verið fjárfest í skuldabréfum. Það má til að mynda sjá af raunávöxtun innlendra hlutabréfaeignar lífeyrissjóðsins á liðnum árum. Meðalraunávöxtun sjóðsins síðustu 5 árin er 3,2% og meðalraunávöxtun síðustu 10 ára er 5,4%.

Ávöxtun sjóðsins skiptist þannig eftir verðbréfaflokkum:

Innlend hlutabréf: Raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar var 17,7% og nafnávöxtun 20,0% en til samanburðar hækkaði Úrvalsvísitala aðallista Kauphallar Íslands um 16,7% á árinu 2002. Heildararðsemi innlendu hlutabréfaeignarinnar yfir tímabilið 1980 til ársloka 2002 er 11,1%.

Erlend hlutabréf: Ávöxtun erlendu hlutabréfaeignar sjóðsins í dollurum var -19,9% á árinu 2002 en á sama tíma lækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 21,1%, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum. Að auki styrktist íslenska krónan um 13,5% á árinu gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Skuldabréf: Raunávöxtun innlendra skuldabréfaeignar nam 5,9% á liðnu ári sem er óbreytt raunávöxtun frá árinu 2001.

VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI OG RÁÐSTÖFUNARFÉ

Ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2002 var 20.155 mkr. og nemur aukningin 26% frá fyrra ári. Innlend hlutabréfakaup

umfram sölu námu 804 mkr. Skuldabréfaviðskipti sjóðsins námu 12.017 mkr. Þar af námu kaup skuldabréfa 10.887 mkr. og sala skuldabréfa 1.130. Erlend verðbréfakaup umfram sölu námu 2.689 mkr.

LÍFEYRISRETTINDI

Sjóðurinn skiptist í sameignar- og séreignardeild. Sameignardeild sjóðsins greiðir ellilífeyri, örorkulífeyri og maka- og barnalífeyri. Greiðsla í séreignardeild sjóðsins veitir góða viðbót við þau réttindi sem sameignardeildin veitir.

SÉREIGNARDEILD

Séreignardeild sjóðsins hefur nú starfað í 4 ár. Á árinu 2002 námu iðgjöld til séreignardeildarinnar 465 mkr. samanborið við 252 mkr. árið 2001 sem er aukning um 85% og nema eignir sjóðfélaga hennar í árslok 1.069 mkr. sem er hækkan um 71% frá fyrra ári. Ávöxtun séreignardeildarinnar nam -0,8% á liðnu ári. Í árslok 2002 áttu 18.553 einstaklingar inneignir í séreignardeildinni.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. 12. 2002

Í milljónum króna	2002	2001
Verðtryggð innlend skuldabréf	52.479	49.070
Sjóðfélagalán	17.674	15.140
Innlend hlutabréf	13.202	10.427
Erlend hlutabréf	16.241	21.985
Verðbréf samtals	99.596	96.622
Bankainnstaður	1.337	436
Eignarhluti í Húsi verslunarinnar	232	234
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	73	76
Skammtímakröfur	939	1.018
Skammtímaskuldur	-220	-874
Hrein eign sameignardeild	100.888	96.887
Hrein eign séreignardeild	1.069	625
Samtals hrein eign	101.957	97.512


YFIRLIT YFIR BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS 2002

Í milljónum króna	2002	2001
Iðgjöld	7.383	6.808
Lífeyrir	-2.095	-1.828
Fjárfestingartekjur	-640	6.988
Fjárfestingargjöld	-121	-102
Rekstrarkostnaður	-123	-104
Aðrar tekjur	41	38
Endurmatshækkun rekstrarfjárm.	0	25
Hækkun á hreinni eign á árinu	4.445	11.825
Hrein eign frá fyrra ári	97.512	85.687
Hrein eign til greiðslu lífeyris	101.957	97.512


KENNITÖLUR

	2002	2001
Raunávöxtun	-2,7%	-0,7%
Hrein raunávöxtun	-2,8%	-0,8%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	3,2%	5,9%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	5,4%	6,3%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	1,18%	1,01%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,08%	0,07%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	30,1%	27,7%
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	41.243	41.142
Fjöldi lífeyrisþega	5.640	5.170
Fjöldi greiðandi fyrirtækja	5.936	5.687
Stöðugildi	26,5	23,2


HÖFUÐSTÓLL Í MILLJÖRÐUM



SKIPTING VERÐBRÉFAEIGNAR



SÉREIGN Í MILLJÓNUM



TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg úttekt sem miðast við árslok 2002 sýnir að skuldbindingar nema 8% umfram eignir. Þar af hafa nýjar töflur um dánarlíkur, sem sýna auknar lífslíkur sjóðfélaga, áhrif til hækkunar skuldbindinga sjóðsins um 2%.

LÍFEYRISGREIÐSLUR OG VERÐTRYGGING LÍFEYRIS

Á árinu 2002 nutu 6.012 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum að fjárhæð 2.095 milljónir samanborið við 1.828 milljónir árið áður, en það er hækkan um 15%. Allar lífeyrisgreiðslur sjóðsins eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vísitölu neysluverðs.

Ellí-, örorku og makalífeyrisgreiðslur eru í réttu hlutfalli við þau iðgjöld sem sjóðfélagarnir greiddu til sjóðsins, þ.e. hærri iðgjöld gefa hærri lífeyri.



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Húsi verslunarinnar, 4. og 5. hæð
Sími 580-4000, myndsendir 580-4099
Afgreiðslutími er frá kl. 8:30 - 16:30

Heimasíða: www.live.is

Netfang: skrifstofa@live.is

ÁRSFUNDUR

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 19. maí nk. kl. 17 í Gullteigi á Grand Hótel. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Magnús L. Sveinsson, formaður
Vígundur Þorsteinsson, varaformaður
Benedikt Kristjánsson
Birgir R. Jónsson
Gunnar P. Pálsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Tryggvi Jónsson

Forstjóri sjóðsins er Þorgeir Eyjólfsson